



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. febrúar 2021
SFS2019020033
200. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030, dags. 25. janúar 2021.

Ráðning leikskólastjóra í leikskólann Sunnuás. Agnes Ólafsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri við leikskólann Sunnuás frá og með 1. febrúar 2021.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 7. janúar sl., þar sem kynnt er til samráðs drög að stefnu í félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna.

Því er fagnað af hálfu Reykjavíkurborgar að drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna sé í vinnslu. Með því er stigið jákvætt skref í þeirri vegferð að hafa skýra sýn og styðja við félags- og tómstundastarf barna og ungmenna.

Eftirfarandi eru ábendingar Reykjavíkurborgar um drög að framangreindri stefnu:

- Í stefnunni er skilgreining á hugtakinu *tómstundir* sótt í ráðstefnurit Netlu, Menntakviku frá árinu 2010. Hægt er að sækja skilgreiningar á lykilhugtökum í tómstundafræði í rafrænan Íðorðabanka, sjá nánar skilgreiningu á hugtakinu *tómstundir* hér: <https://idord.arnastofnun.is/leit/t%C3%B3mstundir>
- Á það er bent að ekki er ljóst hver tenging stefnunnar er við Evrópusáttmála um æskulýðsstarf, stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 og framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum. Núgildandi æskulýðslög eru frá 2007 og því þarf að huga að því hvort stefnan kalla á endurskoðun á gildandi Æskulýðslögum.
- Til að auka líkur á því að stefnan raungerist er mikilvægt að innleiðingu stefnunnar fylgi fjármagn frá ríki til sveitarfélaga og aðgerðaráætlun þar sem ábyrgðar- og framkvæmdaaðilar verða skilgreindir.
- Í kafla stefnunnar *Framboð og inntak félags- og tómstundastarfs* er mikilvægt að vísa í hálfformlegt nám og óformlegt nám (sjá nánar skilgreiningar á <https://idord.arnastofnun.is/>). Þá er bent á mikilvægi þess að fram komi tengsl milli umfjöllunar um lýðræði og starfsemi ungmennaráða.
- Það er vel að í stefnunni eru skýr tengsl við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Áratuga rannsóknir á högum og líðan barna og unglinga hafa leitt til þróunar starfshátta í félags- og tómstundastarfi barna. Með vísan til þess er mikilvægt að fjalla sérstaklega um þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem verndandi þátt í lífi barna og ungmenna.
- Það er mikilvægt að bæta inn í stefnuna áætlunum um að setja þurfi gæðaviðmið um félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni. Í stefnunni er lagt til að setja eigi gæðaviðmið fyrir rekstur og stjórnun en hvergi minnst á fagleg gæðaviðmið fyrir félags- og tómstundastarfið sjálft.
- Bent er á að hægt er að vísa til starfsemi ungmennaráða í kafla stefnunnar sem fjallar um *framboð og inntak félags- og tómstundastarfs í lið* tvö undir markmið þar sem fjallað er um aðkomu barna og ungs fólks að skipulagningu og ákvarðanatöku.
- Bent er á að hægt er að fjalla um óformlegt og hálfformlegt nám í þriðja lið kaflans um

framboð og inntak félags- og tómstundastarfs þar sem fram kemur að þátttakendur fái tækifæri til að öðlast færni, læra og vaxa með þátttöku í reynslunámi.

- Bent er á að uppsetning væri skýrari ef undir hverjum þætti A, B og C vísi titill stefnu í viðkomandi efni, t.d. A: Framboð og inntak og félags- og tómstundastarf væri stefnutitill „*Stefna um framboð og inntak félags- og tómstundastarfs*“.
- Í kaflanum *Rekstrar og starfsumhverfi félags- og tómstundastarfs* kemur fram að aukin fjárframlög til reksturs verði tryggð og jafnræðis gætt við úthlutun fjármagns. Það væri til bóta ef fram kæmi hvaða tómstunda- og félagsstarf falli þarna undir og hvort ráðuneytið muni styrkja félags- og tómstundastarf sveitarfélaga.
- Í kafla um *Rekstrar og starfsumhverfi félags- og tómstundastarfs* kemur fram að félags- og tómstundastarf sé öruggur vettvangur allra barna og alls ungs fólks. Mikilvægt er að í aðgerðaráætlun verði settar verklagsreglur til að tryggja öryggi til dæmis hvað varðar fjölda starfsmanna pr. barn í félags- og tómstundastarfi.
- Í kaflanum *Mannauður sem undirstaða félags- og tómstundastarfs* er mikilvægt að nefna nám í tómstunda- og félagsmálafræði sem er svo sannarlega mikilvægt fyrir faglega framþróun í félags- og tómstundastarfi.
- Sjálfboðaliðar og launaðir starfsmenn eru títt nefndir í kafla um *Mannauð sem undirstöðu í félags- og tómstundastarfi*. Það er mikilvægt að kveða fastar að orði um mikilvægi menntunar þeirra sem starfa með börnum og ungmennum í félags- og tómstundastarfi. Þarna færi betur að nefna mikilvægi fagmanna á vettvangi frítímans í stað þess að vísa til launaðra starfsmanna.
- Tómstunda- og félagsmálafræði er ungt fag á menntavísindasviði HÍ en mikill fjöldi er nú þegar kominn með þessa menntun, það er B.Ed. í tómstunda- og félagsmálafræðum og einnig á meistarastigi. Mikilvægt er að stefnan ávarpi þessa fagstétt.
- Í kaflanum *Rannsóknir og þróun í félags- og tómstundastarfi* er fjallað um mikilvægi þess að úthlutun styrkja sé á faglegum forsendum. Það er mikilvægt að í aðgerðum og aðgerðaráætlun séu þessar forsendur gagnsæjar og skýrar.
- Í kaflanum *Rannsóknir og þróun í félags- og tómstundastarfi* er mikilvægt að fram komi að einnig sé stutt við að samstarf tómstunda- og félagsstarfs á vegum sveitarfélaga við háskólasamfélagið verði aukið.

Að lokum er því komið á framfæri af hálfu Reykjavíkurborgar að stefnunni, aðgerðum og aðgerðaráætlunum fylgi fjármagn frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem geri sveitarfélögum og þeim sem starfa samkvæmt stefnunni kleift að fylgja eftir stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs